

**218. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 1. nóvember 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **2109218 - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi**  
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi. Erindi vegna umhverfismats á tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á starfssvæði fjögurra sorpsamlaga á suðvesturhorni, þ.e. SORPA bs, Sorpurðun Vesturlands, Sorpstöð Suðurlands og Kalka, sorpeyðingarstöð, Suðurnesjum.  
*Teitur Gunnarsson ráðgjafi hjá Mannvit fór yfir stöðu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi. Skipulags- og umhverfissráð mun á næsta fundi ráðsins leggja inn sína umsögn um svæðisáætlunina.*
2. **1910179 - Fjöliðjan - uppbygging**  
Málefni fjöliðjunnar.  
*Umræður um málefni fjöliðju og staðsetningu hennar. Sviðsstjóri fór yfir uppbyggingu á Dalbrautareit í tengslum við uppbyggingu fjöliðjunnar.*
3. **2101132 - Suðurgata 32 bílskúr breyting í íbúð - umsókn um byggingarleyfi Grenndarkynningu lokið**  
*Engar athugasemdir bárust við grenndarkynninguna. Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn, að byggingarleyfi á grunni grenndarkynningar verði heimilað.*
4. **1903467 - Langisandur, Guðlaug, Sólmundarhöfði - Útivistarsvæði, hugmyndasamkeppni, forval, hönnun, skipulag og framkvæmdir**  
Farið yfir áherslur við vinnu á endurskoðun deiliskipulags.  
*Skipulagsfulltrúi fór yfir helstu áherslur varðandi deiliskipulagsvinnu við Langasand. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*
5. **2110224 - Brekkubæjarskóli - endurbætur 1. hæð**  
*Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss fór yfir hugmyndir er varða hugsanlega endurgerð á 1.hæð Brekkubæjarskóla í áföngum 1 og 2.*

**6. 2009134 - Deiliskipulag Hausthúsatorgs**

Nýtt deiliskipulag Hausthúsatorgs skipulagslýsing og kynningarfundir lokið. Engar athugasemdir bárust í kynningarferli, tilbúið til auglýsingar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði auglýst skv. 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Samsvarandi aðalskipulagsbreyting skal auglýst samhliða.*

**7. 2009133 - Aðalskipulag - breyting Hausthúsatorgs**

Breyting á aðalskipulag Akranesar Hausthúsatorg, skipulagslýsing og kynningarfundir lokið. Engar athugasemdir bárust í kynningarferli, tilbúið til auglýsingar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreyting verði auglýst skv. 31.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Samsvarandi deiliskipulag skal auglýst samhliða.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**